

268. Stjórnarfundur FEBRANG 6.nóvember 2025 í Menningarsalnum á Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Elísabet Jóna Sverrisdóttir, Svavar Ólafsson og Sigurborg Óskarsdóttir. Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon og Svavar Hauksson. Formaður bað Sigdísi Oddsdóttur að rita fundargerð og Svavar Hauksson að lesa síðustu fundargerð.

1. Fundargerð 267. Stjórnarfundar frá 6. Október 2025 lesin og samþykkt.
2. Vel var látið af árshátíðinni og er stjórnin sammála um að allt hafi gengið vel. Alls söfnuðust 112.000 kr sem renna beint til Krabbameinsfélagsins.
3. Undirbúningur fyrir jólahlaðborð gengur vel, skráningafrestur er til 24. nóvember. Maturinn kemur frá Múlakaffi og verður hann niðurgreiddur fyrir félagsmenn. Finnur ætlar að sjá um að kaupa litlar rauðvínsflöskur til að hafa við hvern disk. Dagskrá kvöldsins er tilbúin. Dísá sér um að semja við tónlistarfólkið.
4. Svavar Hauksson sagði frá ferðanefndarfundum sem haldin var 24. Okt sl. Því miður verðum við að hverfa frá tveggja náttu ferð sem var á áætlun næsta haust. Ferðanefnd mun hittast fljótlega til að skipuleggja dagsferð næsta sumar.
5. Rætt um skjalavörslu á fundargerðum og öðrum skjölum tengdum félaginu. Sömuleiðis var rætt um nauðsyn þess að rita undir fundargerðir.
6. Öldungaráð. Stjórn veltir fyrir sér reglum og framkvæmd í kring um öldungaráð. Fundargerðir öldungaráðs skila 'sér ekki inn til stjórnar FEBRANG. Finnur ætlar að skoða málið og skýra frá niðurstöðum á næsta fundi. Svavar mun líka kanna málið.
7. Einar skýrði frá fjármálastöðu félagsins.
8. Önnur mál